



Reykjavík, 26. febrúar 2024

SFS23060227

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Eignaskrifstofa

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna bráðabirgðahúsnæðis leik- og grunnskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. júní 2023 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

„Óskað er upplýsinga um kostnað vegna bráðabirgðahúsnæðis sem taka hefur þurft á leigu fyrir þá skóla sem þurft hefur að rýma vegna endurbóta og viðhalds. Óskað er eftir upplýsingum um hvoru tveggja þá leik- og grunnskóla sem hefur þurft að rýma vegna slæms ástands á síðustu tveimur árum.“

Svar:

Eftirfarandi kostnaðarsamantekt miðast við kostnað á leigu við húsnæði af þriðja aðila. Ekki eru talin með atvik þar sem starfsemi leik- eða grunnskóla er færð í annað húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar. Miðast er við tímabilið 26.06.2021 til 26.06.2023. Greidd leiga á umræddu tímabili er kr. 383.933.377.

Vert er að taka fram að í einhverjum tilvikum var bráðabirgðahúsnæði útvegað ekki einungis svo sinna megi viðhaldi heldur einnig til að mæta fjölgun nemenda í grunnskólum.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa



Reykjavík